

*að* leitast alvarlega við að kynna mjer æ betur og betur goðsorð og trúarlærdóm- 88  
ana, svo jeg verði því færari um að gegna mínu helga embætti;

31. ágúst.

*að* ganga á undan söfnuði mínum með góðu eptirdæmi og grandvöru lífern, reka embætti mitt með hlýðni, sem vera ber, við kirkjulögin í öllum greinum og hegða mjer þannig við yfirboðara og stjettarbræður mína, að enginn geti með rökum ákært mig.

Með reikningsskapardaginn fyrir augum heiti jeg því að halda allt þetta sam-  
vizkusamlega eptir því sem Guð vill veita mjer náð til þess.

Þetta er eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegr-  
ar leiðbeiningar og birtingar fyrir biskupi og ber einnig að kunngjöra það í B deild  
Stjórnartíðindanna.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um að eigi verði 89**  
leyft að halda „lotteri“ þegar vinningarnir sju peningar. — Út af þóknanlegu 8. sept.  
brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 13. f. m. og þar með fylgjandi bónarbrjefi sókn-  
arnefndarinnar í Hólasókn í Hjaltadal, þar sem hún fer þess á leit, að henni veitist  
leyfi til að halda »lotteri« með peningavinningum í því skyni, að keypt verði fyrir á-  
góðann af því orgel í Hólakirkju, tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbein-  
ingar og birtingar fyrir greindri sóknarnefnd, að eptir þeim reglum er fylgt hefir verið  
hingað til verði leyfi eigi veitt, til að halda »lotteri« þar sem vinningarnir sju pen-  
ingar.

**Brjef landshöfðingja til hins frakkneska konsularagents í Reykjavík um út- 90**  
flutningsgjald af saltfiski veiddum á frakknesku fiskiskipi. — Í heiðruðu brjefi, dags. 11. sept.  
23. júlí þ. á. hafði þjer sem frakkneskur konsularagent hjer í Reykjavík, skotið því  
úndir úrlausn mína, hvort það hafi verið rjett að bæjarfógetinn í Reykjavík hafi heimt-  
að útflutningsgjald af saltfiski sem veiddur hafði verið á frakknesku fiskiskipi »Confiance  
en Dieu« en var lagður hjer í land um tíma, sökum þess að nefnt fiskiskip reyndist  
ósjófært, og síðan fluttur til Frakklands til eigandans með norsku skipi er leigt var til  
þess.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða, að tjá yður hjer með þjónustusamlega, eptir  
að jeg hef fengið álit bæjarfógetans í Reykjavík um mál þetta, að með því að saltfisk-  
ur sá, er hjer ræðir um, hafði verið lagður á land hjer í bænum, sem annað strandgóz  
tilheyrandi ofannefndu fiskiskipi, sem var dæmt ósjófært, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en  
að rjett hafi verið að heimta útflutningsgjald af fiskinum, þegar hann síðar var fluttur  
til útlanda í skipi sem komið var hingað í öðrum erindum, en var tekið á leigu til  
flutningsins og síðan afgreitt hjeðan á vanalegan hátt.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 91**  
sveitfesti þurfamanns. — Eptir að jeg með þóknanlegu brefi yðar, herra amtmaður, 13. sept.  
dags. 21. f. m., hefi meðtekið skjöl þau, er jeg hafði æskt eptir í sveitfestismáli Kristj-  
áns Hreinssonar, er með úrskurði yðar, 14. desbr. 1886, sem hreppsnefnd Biskupstungna-  
hrepps hefur áfrýjað til mín, var álitinn sveitlægur í greindum hreppi, skal yður hjer  
með tjáð það er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

91 Það er viðurkennt í sveitfestismáli þessu, sem er milli Holtamannahrepps og Biskupstungnahrepps, að Krisján Hreinsson, sem ágreiningurinn eru um, eigi fæðingarhrepp í Biskupstungnahreppi. en hreppsnefndin þar heldur því fram, að hann hafi með óslitinni 10 ára dvöl áunnið sjer framfærslurjett í Holtamannahreppi. Í þann hrepp kom Kristján 1861 og reisti þar þá bú, og bjó þar til þess er hann 1883 fluttist til Vatnsleysustrandarhrepps. Veturinn 1869—70 þáði Kristján 35 fiska styrk af sveitar-sjóði Holtamannahrepps, sem leiddi til þess að hann með úrskurði stiptamtsins 1. nóv. 1871 var dæmdur sveitlægur í Biskupstungnahreppi. Síðan fjekk Kristján úr sveitar-sjóði Holtamannahrepps veturinn 1877—78 8 fiska, veturinn 1881—82 78 fiska og veturinn 1882—83 17 fiska, eða samtals 103 fiska. Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur reyndar viljað vefengja það, að nefndur 8 fiska styrkur hafi verið veittur Kristj-áni úr sveitarsjóði Holtamannahrepps og Kristján sjálfur hefur fyrir rjetti 5. nóv. f. á. borið. að hann vissi ekki hvernig á þeirri skuld stæði og hefði aldrei fengið þá 8 fiska, og einnig er það upplýst að hreppsnefndaroddvitinn í Holtamannahreppi gaf Krisjáni 1879, þegar hann giptist, vottorð um að hann væri eigi í neinni sveitarskuld þar í hreppi. En vottorð þetta sem tjáist hafa gefið verið af ókunnugleik oddvitans, sem þá var nýkominn að oddvitastörfum, gat ekki í sjálfu sjer afmáð þá þýðingu sem styrkur-inn, ef hann hefði þeginn verið hlaut að hafa fyrir sveitfesti Kristjáns, og líkur þær sem í vottorðinu gætu legið gegn veitingu styrksins geta eigi staðist gegn því, að styrkurinn er tilfærður í jafnaðarreikningi hreppsins fyrir það ár, er hann var veittur, 1877—78, samkvæmt útdrætti úr sveitarbókinni staðfestum af sýslumanni, eins og einnig Kristján sjálfur hefur fyrir rjetti 12. júní þ. á. kannast við, að hann hafi beiðst styrksins og fengið hjá oddvita ávísun upp á hann. Samkvæmt þessu hefur Kristján eigi dvalið 10 ár samfleytt í Holtamannahreppi án þess að þiggja þar af sveit, og með því að hann heldur eigi neinstaðar annarstaðar hefur áunnið sjer framfærslurjett, þá skal úrskurður yðar, dags. 14. desember 1886, standa óraskaður að því leyti, sem hann ákveður optnefndan Kristján Hreinsson með konu hans og skilgetnum börnum sveitlægan í fæðingarhreppi hans, Biskupstungnahreppi, en þessi hreppur verður eigi skyldaður til að endurgjalda neitt af ofannefndum 103 fiska styrk, þar sem honum eigi virðast hafa verið gefin í tíma tilkynning um styrkveitingarnar.

92 Brjef landshöfðingja til biskupsins um skyldu prests til að greiða  
15.sept. prestsekkju eptirlaun. — Í þóknanlegu brjefi, dags. í gær, hafið þjer, há-æruverðugi herra, skýrt mjer frá því, að presturinn í Hvammi í Norðurárdal, sjera Gísli Einarsson hafi skorast undan að greiða ekkju sjera Þorvaldar Stefánssonar, sem síðast var prestur að Hvammi, Kristínu Jónsdóttur, eptirlaun af Hvammsbrauði, þar sem slíkt hvorki hafi verið tilskilið í auglýsingunni um brauðið, þegar hann sótti um það, nje í veitingarbrjefi hans fyrir því. Þjer hafið nú tekið fram, að Hvamms prestakall hafi verið í flokki lakari meðalbrauða, þegar sjera Þorvaldur Stefánsson dó, þannig að ekkju hans beri  $\frac{1}{12}$  af föstum tekjum braudsins, og sömuleiðis hafið þjer látið það álit í ljósi, að ástæður sjera Gísla Einarssonar fyrir undanfærzlunni að greiða prestsekkju-eptirlaunin geti ekki álitist á rökum byggðar, þarsem hjer sje að ræða um lögmæta kvöð á prestakallinu.